



ÍSAFJARÐARBÆR

Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar

1. Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar veitir ár hvert listamanni sem búsettur er í Ísafjarðarbæ nafnbótina „bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar“. Nafnbótinni fylgir styrkur í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins ár hvert. Atvinnu- og menningarmálanefnd skal auglýsa eftir tilnefningum á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Skal tilnefningum skilað fyrir 17. maí ár hvert og bæjarlistamaður útnefndur á 17. júní.
2. Listamenn, sem hafa búið í Ísafjarðarbæ um tveggja ára skeið koma til greina sem bæjarlistamenn Ísafjarðarbæjar. Í tilnefningunni skal nefna helstu rök fyrir því að viðkomandi listamaður ætti að hljóta nafnbótina.
3. Þegar tilnefningar eru metnar skal tekið mið af þeim viðurkenningum sem listamanninum hefur hlotnast og útbreiðslu verka hans. Einnig skal litið til þess hverjir teljast efnilegir á sínu sviði og er þá nafnbótin jafnframt hvatning til viðkomandi, að halda áfram störfum sínum á sviði listarinnar.
4. Atvinnu- og menningarmálanefnd getur óskað eftir að bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar leyfi íbúum, í samráði við atvinnu- og menningarmálanefnd, að njóta listar sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann ber nafnbótina.
5. Atvinnu- og menningarmálanefnd mælist til þess að „bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast. Ísafjarðarbær mun útbúa tengil á heimasíðu sína, þar sem bæjarlistamaður hvers árs er kynntur, helstu verkefni og væntanlegir viðburðir.

Samþykkt í bæjarstjórn 7. maí 2015